

Hlutverk félagskjörinna skoðunarmanna Hundaræktarfélags Íslands

Fulltrúi félagsmanna

Samkvæmt ákvæðum 32. gr. bókhaldslaganna eru skoðunarmenn valdir úr hópi félagsmanna og ber þeim að uppfylla almenn hæfisskilyrði endurskoðenda. Því mega þeir ekki sitja í stjórn eða fulltrúanefnd félagsins eða gegna stjórnunarstörfum fyrir það eða vera starfsmenn þess eða á annan hátt fjárhagslega háðir því auk tiltekinna skilyrða um skyldleika við stjórnendur.

Félagskjörinn skoðunarmaður er í reynd fulltrúi félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Í 34. gr. bókhaldslaganna er nú í fyrsta sinn skilgreint hlutverk skoðunarmanns. Með áritun sinni á ársreikninginn gefur hann félagsmönnum skýrslu um athugun sína á bókhaldi og bókhaldsgögnum og hvort ársreikningur gefi skýra mynd af starfsemi félagsins.

Skoðun ársreiknings

Ekki gerð krafa um sérstaka bókhaldskunnáttu félagskjörins skoðunarmanns, en áður en skoðunarmaður áritar ársreikninginn ber honum að yfirfara hann og fullvissa sig um að eignir þær sem þar eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi. Skal hann kanna bókhaldsgögn og sannreyna að t.d. bankainnstæður og verðbréf og kröfur séu fyrir hendi, svo og lausafé og fasteignir, ef svo ber við. Þá ber honum að kanna tilvist og uppruna skulda m.a. með athugun lánskjala og greiðsluseðla. Varðandi rekstrarreikning fer það eftir starfsemi félagsins á hvern hátt gögn um tekjur og gjöld eru sannprófuð. En mikilvægast er það ákvæði að skoðunarmaður skal kanna hvort stjórn og þar með talinn gjaldkeri hafi farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði er varða reksturinn.

Skoðunarmanni ber að gera athugasemdir ef t.d. einstakir kostnaðarliðir reynast ekki vera í samræmi við tilgang félagsins eða ávöxtun fjármuna hefði getað verið betri, t.d. óeðlilega há sjóðsstaða (peningaeign) á reikningsárinu o.s.frv. Komist skoðunarmaður að því við athugun sína að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrsla stjórnar eða upplýsingar séu villandi, eða fyrir liggja atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð, skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Félögum ber því að vanda vel val sitt á skoðunarmönnum og gæta þess að ekki verði um hagsmunaárekstra að ræða, hvorki sem snýr að skoðunarmanninum sjálfum eða gagnvart stjórnarmönnum.